

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til júní 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs á fyrri hluta ársins. Þessar tölur sýna sjóðhreyfingar og eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Helstu niðurstöður. Meginniðurstöður þessa hálfársuppgjörs eru eftirfarandi: Tekjur ríkissjóðs hækka um rúma 17 milljarða króna milli ára á sama tíma og útgjöld ríkissjóðs hækka um tæplega 7 milljarða. Á tekjuhlið munar mestu um að tekjur af sölu eigna hækkuðu um rúmlega 11 milljarða króna á milli ára. Auk þess eru vaxandi umsvif í efnahagslífinu smám saman að skila sér í auknum skatttekjum þrátt fyrir ákvarðanir stjórnvalda um verulega lækkun tekju- og eignarskatta einstaklinga og fyrirtækja á árunum 2002-2003. Á gjaldahlið munar mestu um auknar greiðslur til heilbrigðis-, trygginga- og menntamála. Á móti vega minni vaxtagreiðslur vegna niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs að undanförunu.

Þessar tölur renna stöðum undir spá fjármálaráðuneytisins frá því í apríl sl. um að íslenskt efnahagslíf sé að taka við sér eftir skammvinna lægð og að framundan sé tímabil aukins hagvaxtar.

Greiðsluafkoma. Tekjujöfnuður ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins 2003 var jákvæður um 2,9 milljarða króna samanborið við 7,7 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Handbært fé frá rekstri var hins vegar neikvætt um 9,2 milljarða króna í ár samanborið við 7,7 milljarða neikvæða stöðu í fyrra. Fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 17,6 milljarða króna í ár sem er 14,2 milljörðum betri staða en í fyrra. Jákvæðari staða skýrist nær alfarið af sölu á hlutabréfum ríkisins í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Íslenskum aðalverktökum. Þessi þróun hefur skilað sér í viðsnúningi á stöðu ríkissjóðs þar sem hreinn lánsfjárfjöldur ríkissjóðs reyndist jákvæður um 8,4 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2003 samanborið við neikvæða stöðu sem nam 4,3 milljörðum króna á sama tíma í fyrra.

Tekjur. Heildartekjur ríkissjóðs námu tæplega 131 milljarði króna og hækkuðu um tæpa 17 milljarða frá sama tíma í fyrra eða um 15,3%. Þessi hækkun stafar fyrst og fremst af auknum tekjum af sölu hlutabréfa ríkisins. Skatttekjur ríkissjóðs námu 108½ milljarði króna eða um 4,1% meira en á sama tíma í fyrra. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um tæplega 2% þannig að raunhækkun skatttekna ríkissjóðs nemur um 2,2% milli ára. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að á þessum tíma voru skattar lækkaðir verulega. Eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja voru lækkaðir um meira en helming og tekjuskattar fyrirtækja um 40%. Á móti vegur hækkun tryggingagjalds. Sé leiðrétt fyrir áhrifum þessara skattalækkana fæst sú niðurstaða að skatttekjur ríkissjóðs hafi hækkað um allt að 5% að raungildi milli ára. Þessar tölur benda til þess að botni hagsveiflunnar hafi verið náð um eða upp úr miðju síðasta ári og almenn umsvif í efnahagslífinu hafi eftir það smám saman farið vaxandi.

Af einstökum tekjustofnum má nefna að innheimtir tekjuskattar einstaklinga jukust um 3,7% frá því í fyrra. Þessi aukning stafar fyrst og fremst af hækkun tekna einstaklinga. Innheimta tryggingargjalda jókst mun meira eða um 8,3% á milli ára. Hér gætir auk launahækkunar áhrifa hækknar gjaldsins um ½% til þess að fjármagna hluta af fyrrnefndri lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja. Til samanburðar má nefna að launavísitalan hækkaði um 5,6% á sama tíma. Innheimta tekjuskatts fyrirtækja og eignarskatta dregst hins vegar mikið saman vegna fyrrnefndrar lækknar. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs hækkaði um 9,3% á milli ára eða sem nemur 7,3% að raungildi. Þar munar mestu um 8,4% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti eða sem nemur 6,4% að raungildi. Innheimta virðisaukaskatts hefur smám saman tekið við sér eftir mikinn samdrátt á árinu 2001 og fram á mitt ár 2002. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að talsverð aukning var í innheimtu vörugjalda af ökutækjum sem stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða á fyrri hluta ársins. Mesta breytingin var hins vegar sú að tekjur af sölu eigna hækkuðu um rúmlega 11 milljarða króna milli ára.

Gjöld. Greidd gjöld nema 127,7 milljörðum króna og hækka um 6,7 milljarða milli ára. Hækkunin skýrist að mestu af greiðslum til heilbrigðismála, almannatrygginga og vegagerðar. Greiðslur til sjúkrahúsa og öldrunarstofnana hækka um 2,6 milljarða, lífeyristryggingar og atvinnuleysisbætur hækka samtals um 2,4 milljarða og sjúkratryggingar um 800 m.kr. Þá hækka greiðslur til Vegagerðar um 1,1 milljarð króna. Á móti vegur að vaxtagreiðslur lækka um 2,9 milljarða milli ára, einkum þar sem stór flokkur spariskírteina var á gjalddaga í apríl 2002. Greiðslur til framhaldsskóla og háskóla hækka samtals um rúmar 800 m.kr. Aðrar breytingar milli ára eru minni.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní (Í milljónum króna)

	1999	2000	2001	2002	2003
Innheimtar tekjur.....	90.554	100.720	107.929	113.244	130.556

- Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.....	-395	0	3	-39	-12.059
Greidd gjöld.....	81.929	90.079	109.578	120.944	127.670
Handbært fé frá rekstri.....	8.230	10.641	-1.646	-7.739	-9.172
Fjármunahreyfingar.....	-2.702	2.523	-2.018	3.395	17.596
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	5.529	13.165	-3.669	-4.343	8.424
Afborganir lána.....	-18.063	-20.556	-21.982	-19.484	-17.952
Innanlands.....	-8.392	-11.748	-7.229	-9.344	-5.544
Erlendis.....	-9.671	-8.808	-14.753	-10.140	-12.408
Greiðslur til LSR og LH.....	-1.084	-3.000	-7.500	-4.500	-3.750
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....	-13.619	-10.390	-33.152	-28.328	-13.279
Lántökur.....	8.646	9.473	31.359	24.892	14.038
Innanlands.....	-484	2.100	10.537	6.937	12.661
Erlendis.....	9.130	7.373	20.822	17.955	1.377
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	-4.972	-919	-1.792	-3.435	760

Lánamál. Lántökur námu 14 milljörðum króna en afborganir voru tæpar 18 milljarðar. Erlend skammtímalán voru greidd niður um 10.7 milljarða króna á fyrri helmingi ársins og spariskírteini um 4.8 milljarða. Á móti vegur aukin lántaka í innlendum skammtímalánum. eða um 12.3 milljarða króna. Þá voru greiddar 3.8 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní (í milljónum króna)

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
	Breyting frá fyrra ári. %						
Skatttekjur í heild.....	99.850	104.303	108.589	12,9	5,0	4,5	4,1
Skattar á tekjur og hagnað.....	34.539	35.990	35.682	21,7	16,4	4,2	-0,9
Tekjuskattur einstaklinga.....	23.671	26.784	27.772	14,9	13,4	13,2	3,7
Tekjuskattur lögaðila.....	5.981	3.519	2.157	29,8	19,4	-41,2	-38,7
Skattur á fjármagnstekjur.....	4.887	5.687	5.753	56,4	27,4	16,4	1,2
Tryggingagjöld.....	10.026	11.059	11.973	7,3	8,1	10,3	8,3
Eignarskattar.....	5.219	5.099	4.050	13,5	14,3	-2,3	-20,6
Skattar á vöru og þjónustu.....	49.775	51.840	56.668	9,0	-3,5	4,1	9,3
Virðisaukaskattur.....	32.559	35.072	38.017	11,6	-3,1	7,7	8,4
Aðrir óbeinir skattar.....	17.218	16.766	18.983	4,8	-4,1	-2,6	13,2
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	1.718	1.424	2.082	-11,4	-34,7	-17,1	46,2
Vörugjöld af bensíni.....	3.572	3.494	3.475	22,8	-7,0	-2,2	-0,5
Þungaskattur.....	2.079	1.953	1.625	18,2	9,9	-6,1	-16,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald.....	3.868	3.945	5.686	5,9	-8,1	2,0	44,1
Annað.....	5.981	5.950	6.115	-2,0	9,6	-0,5	2,8
Aðrir skattar.....	291	315	216	71,1	30,8	8,2	-31,4
Aðrar tekjur.....	8.077	8.941	21.967	-8,6	24,9	10,7	145,7
Tekjur alls.....	107.929	113.244	130.556	11,2	6,2	4,9	15,3

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní

(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
Almenn mál.....	11.149	12.973	13.301	19,3	1,7	16,4	2,5
Almenn opinber mál.....	6.049	7.393	7.343	19,6	-1,1	22,2	-0,7
Löggæsla og öryggismál.....	5.102	5.580	5.958	19,0	5,2	9,3	6,8
Félagsmál.....	64.116	71.858	79.407	5,5	20,5	12,1	10,5
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	14.850	16.609	17.785	7,6	15,8	11,8	7,1
Heilbrigðismál.....	26.476	30.140	33.830	6,8	19,4	13,8	12,2
Almannatryggingamál.....	19.144	20.799	23.200	0,8	27,4	8,6	11,5
Atvinnumál.....	16.636	17.244	18.092	5,0	23,5	3,6	4,9
Þar af: Landbúnaðarmál.....	5.734	5.564	5.646	1,6	27,5	-3,0	1,5
Samgöngumál.....	6.535	7.153	7.680	7,0	25,1	9,5	7,4
Vaxtagreiðslur.....	12.341	13.287	10.365	30,4	37,7	7,7	-22,0
Aðrar greiðslur.....	5.335	5.582	6.504	33,8	53,0	4,6	16,5
Greiðslur alls.....	109.578	120.944	127.670	9,9	21,6	10,4	5,6